

Nd.

852. Frumvarp til laga

[50. mál]

um ríkisábyrgð á launum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 6. maí.)

Samhljóða þskj. 542 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Ábyrgð ríkissjóðs tekur til eftirfarandi krafna í bú vinnuveitanda sem viðurkenndar hafa verið sem forgangskröfur í búíð samkvæmt 84. gr. laga nr. 3/1878 (sbr. 1. gr. l. nr. 23 1979), sbr. þó 9. gr.:

- a. kröfu launþega um vinnulaun fyrir sex síðustu starfsmánuði hans hjá vinnuveitanda, að því leyti sem það tímabil fellur innan tímamarka þeirra sem vinnulaunakröfu fylgir forgangsréttur í búí, þar með talinn hluti launa sem haldið hefur verið eftir af vinnuveitanda samkvæmt VII. kafla laga nr. 60/1984.
- b. kröfu launþega um orlofsfé sem fallið hefur til vegna launa hans síðustu tólf starfsmánuði hjá vinnuveitanda, að því leyti sem það tímabil fellur innan tímamarka þeirra sem orlofsfjárkröfu fylgir forgangsréttur í búí,
- c. kröfu viðurkennds lífeyrissjóðs vegna vangoldinna lífeyrissjóðsiðgjalda, bæði iðgjaldahluta launþega og vinnuveitanda, að því leyti sem það tímabil fellur innan tímamarka þeirra sem kröfunni fylgir forgangsréttur í búí,
- d. bóta vegna riftunar eða uppsagnar vinnusamnings,
- e. bóta til launþega eða þess sem tilkall á til bóta vegna dauðsfalls hans sem vinnuveitanda ber að greiða vegna tjóns af völdum vinnuslyss,
- f. kostnaðar sem launþegi eða sá er krefst bóta samkvæmt e-lið hefur orðið að greiða vegna nauðsynlegra ráðstafana til innheimtu kröfu sinnar, enda sýni hann fram á að tilraunir til innheimtu hafi hafist áður en starfsemi vinnuveitanda hætti að mestu eða öllu,
- g. almennra sparisjóðsvaxta af kröfum samkvæmt staflíðum a-e, frá gjalddaga þeirra til þess dags sem félagsmálaráðherra ákveður að kröfuna skuli greiða úr ríkissjóði.

Ábyrgð ríkissjóðs nær til greiðslna samkvæmt staflíðum f og g þó að þær kröfur njóti ekki forgangsréttar í búí vinnuveitanda.

9. gr. hljóðar svo:

Nú hefur skiptameðferð á búí vinnuveitandans verið lokið vegna eignaleysis þess án þess að innköllun hafi verið gefin út í búíð og verður greiðslukrafa á hendur ríkissjóði þá að berast félagsmálaráðherra innan 6 mánaða frá birtingu auglýsingar um skiptalok í Lögbirtingablaði. Félagsmálaráðherra er þó heimilt að taka til greina kröfu er berst innan tólf mánaða frá birtingu innköllunar ef sýnt er að kröfuna hafi ekki verið hægt að gera fyrir.

Í greiðslukröfunni skal greina þau atriði er í 1. mgr. 7. gr. getur. Henni skulu fylgja nauðsynleg gögn til að staðreynt verði réttmæti hennar og hvort skilyrðum laga þessara sé fullnægt, þar á meðal launaseðlar eða uppgjör til launþega, kjarasamningur viðkomandi stéttarfélags, vinnusamningur og vottorð vinnuveitandans, eftir því sem við verður komið. Getur félagsmálaráðherra lagt fyrir launþega að afla þeirra gagna sem hann telur nauðsynleg í þessu skyni.

Leita skal félagsmálaráðherra umsagnar skiptaráðanda, er með bú vinnuveitandans fór, um þau atriði varðandi kröfuna sem hann getur vottað um á grundvelli gagna sem fram hafa komið við skiptameðferðina.